

**Ed.**

**229. Tillaga**

til þingsályktunar um björgunar- og eftirlitsskipið »Þóra«.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að samþykkja kaup ríkisstjórnarinnar á björgunar- og eftirlitsskipinu »Þóra« fyrir allt að 80 þúsund krónur, með því skilyrði, að ríkið láti skipið framvegis, meðan það er vel til þess fært, halda uppi á kostnað ríkissjóðs samskonar björgunar- og eftirlitsstarfsemi við Vestmannaeyjar í 3<sup>1</sup>/<sub>2</sub>—4 mánuði (vetrarvertíðina) árlega, sem það hefir haft á hendi undanfarin ár, enda leggi hæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar árlega fram 25 þúsund krónur til útgerðar skipsins.